

Nd.

457. Frumvarp til laga

[164. mál]

um breyting á lögum nr. 4 20. febrúar 1960, um efnahagsmál.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Í stað „5%“ í 1. mgr. 8. gr. laganna komi: 2½%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og kunnugt er, er útflutningsskatturinn lagður á til þess að greiða hluta af skuldbindingum útflutningssjóðs frá fyrri árum.

Í sambandi við samninga um fiskverð á milli fiskkaupenda og fiskseljenda hefur sú ósk komið fram af þeirra hálfu að útflutningsskatturinn verði lækkaður úr 5% í 2,5%, en verði í þess stað að sama skapi lengur í gildi. Ríkisstjórnin telur rétt að verða við þessari ósk, og greiða þannig fyrir því, að samningar um fiskverð takist.